

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍKReykjavík, 22. október 2014
Tilvísun: 2014100018/50.11
Verknúmer: 1227000**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingskjal 273**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, þannig að Liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Orkustofnun vekur athygli á að við undirbúningsvinnu að áætlun um vernd og orkunýtingu sat orkumálastjóri í verkefnisstjórn um rammaáætlun. Hann var einnig formaður faghóps IV. Einnig hafa starfsmenn Orkustofnunar komið að starfi rammaáætlunar með margvíslegum hætti. Orkustofnun er því aðili máls. Engu að síður vill Orkustofnun benda á að þingsályktun sú sem samþykkt var, nr. 13/141 vék frá faglegum niðurstöðum fyrri verkefnisstjórnar vegna þriggja virkjunarkosta í vatnsafla á Suðurlandi, þ.e. Urriðafossvirkjunar, Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar, allra í Þjórsá. Sú tillaga gerði þannig ráð fyrir að hagkvæmustu og best rannsökuðu virkjunarkostirnir yrðu fluttir úr orkunýtingarflokki í biðflokk. Umrædd tillaga nú gerir hins vegar ráð fyrir því að einn af þessum ákjósanlegu kostum, Hvammsvirkjun, færist í orkunýtingarflokk.

Orkustofnun vill vekja athygli á því, að virkjunarkostir sem samkvæmt gildandi rammaáætlun falla í nýtingarflokk, tengjast nær eingöngu háhitasvæðum en ekki vatnsaflsvirkjunum. Þorri þeirra virkjunarkosta á það sameiginlegt að raunveruleg afkastageta háhitasvæðanna liggur enn ekki fyrir, þar sem endanlegt mat á orkugetu svæðanna fæst aðeins með rannsóknarborunum og með því að virkja svæðin í áföngum. Á lokastigi vinnu við upphaflega þingsályktunartillögu fóru virkjunarkostirnir í vatnsafla m.a. Hólmsárvirkjun neðri og Skatastaðavirkjun í biðflokk á grundvelli upplýsinga og ábendinga sem voru of seint fram komnar til þess að hægt væri að vinna úr þeim. Við meðferð Alþingis bættust vatnsaflsvirkjanir í neðri Þjórsá í þann flokk. Það var mat Orkustofnunar að markmiðum um sjálfbæra uppbyggingu raforkuframleiðslunnar væri þar með stefnt í tvísýnu þar sem þrýstingur á hraðari nýtingu jarðvarmans ykist og þar með yrði það tæknilega og efnahagslega öryggi og sú hagkvæmni, sem fengist með því að virkja samhliða jarðhita og vatnsafl ekki fyrir hendi. Orka í sífelldri endurnýjun sem ekki er beisluð í vatnsföllum er glötuð meðan orku í jarðvarmalindum má að einhverju marki líta á sem forða sem biður nýtingar. Því bæri að fylgja faglegum niðurstöðum fyrri verkefnisstjórnar vegna þriggja virkjunarkosta í Þjórsá. Umrædd tillaga nú, að færa Hvammsvirkjun í orkunýtingarflokk kemur til móts við þau sjónarmið Orkustofnunar.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fram komna þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen



Kristinn Einarsson